


STRÍÐ OG FRÍÐUR

Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri
Ari Þór Vilhjálmsson, einleikari



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2010/11



AÐALSTYRK TARADILAR

BORGUN



Morgunbladid

Tónleikar í Háskólabíói 3. febrúar 2011 kl. 19.30

Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri
Ari Þór Vilhjálmsson, einleikari

STRÍÐ OG FRÍÐUR

Krzysztof Penderecki

Harmljóð fyrir fórnarlömb Hiroshima (1960)

Dmitríj Sjostakovitsj

Konsert fyrir fiðlu og hljómsveit op. 77/99
(1947–48)

Nocturne: Moderato

Scherzo: Allegro

Passacaglia: Andante

Burlesca: Allegro con brio – Presto

Hlé

Witold Lutosławski

Konsert fyrir hljómsveit (1950–54)

Intrada (Allegro maestoso)

Capriccio notturno e Arioso

Passacaglia, Toccata e Corale



„Brönnimann stjórnar tónlistinni með slíkri sannfæringu að maður missir andann af hrifningu.“ Þannig komst gagnrýnandi skoska blaðsins *The Herald* að orði um svissneska hljómsveitarstjórnann Baldur Brönnimann, sem nú stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands í þriðja sinn. Hann stýrði sveitinni með afar stuttum fyrirvara árið 2003 og þótti standa sig með eindæmum vel, og kom aftur til landsins til að stjórna afmælistónleikum Atla Heimis Sveinssonar með SÍ í mars 2009.

Brönniman var skipaður aðalstjórnandi Þjóðarhljómsveitar Kólumbíu í Bogota árið 2008, og fyrir skemmstu var tilkynnt að hann yrði nýr listrænn stjórnandi norsku kammersveitarinnar BIT20.


Hann debúteraði við Ensku þjóðaróperuna 2008 og stýrði þar óperu Ligetis, *Le Grand Macabre*, árið 2009 við góðar undirtektir. Hann debúterar við Teatro Colón í Buenos Aires í vor og stjórnar einnig sviðsuppfærslu á *Oedipus Rex* eftir Stravinskíj á Listahátíðinni í Bergen í maí. Þá hefur hann stjórnað Skosku kammersveitinni, Þjóðarhljómsveitinni í Wales, Fílharmoníuhljómsveitinni í Seoul í Kóreu, Sinfóníuhljómsveitinni í Luzern, og Palestínsku þjóðarhljómsveitinni á tónleikum í Ramallah, Jerúsalem og Haifa.

Brönnimann hefur starfað mikið með æskulýðshljómsveitum, m.a. í Skotlandi og Ástralíu, og heldur meistaranámskeið víða um heim. Hann mun stjórna Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands í 5. sinfóníu Mahlers í Hörpu í nóvember nk. Brönniman nam sjálfur við Tónlistarakademiuna í Basel og Royal Northern College of Music í Manchester, þar sem hann lærði hjá Kent Nagano og Sir Edward Downes.



Ari Þór Vilhjálmsson hefur starfað sem aðstoðarleiðari annarrar fiðlu Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2006. Hann tók fyrst upp fiðluna 5 ára gamall og lærði samkvæmt Suzuki-aðferðinni, en 15 ára hóf hann nám hjá Guðnýju Guðmundsdóttur við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hann lauk einleikaraprófi frá skólanum árið 2001 og hélt til frekara náms í Bandaríkjunum þar sem helstu kennarar hans voru Almita og Roland Vamos, Rachel Barton

Pine og Sigurbjörn Bernharðsson. Ari útskrifaðist með mastersgráðu frá Northwestern University í júní 2008. Hann hefur áður leikið fiðlukonserta eftir Saint-Saëns, Bach, Mozart og Hafliða Hallgrímsson með SÍ. Á undanförunum árum hefur hann einnig komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og hljómsveit Northwestern University, haldið bæði kammer- og einleikstónleika á Listahátíð í Reykjavík og spilað árlega fyrir Kammermúsíklúbbinn. Ari hefur mikinn áhuga á kennslu og kennir nú 15 fiðlunemendum við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Fiðlan sem hann leikur á var smíðuð af Giovanni Maggini snemma á 17. öld og er í láni frá Sinfóníuhljómsveit Íslands.



Pólverjinn Krzysztof Penderecki (f. 1933) er tvímæla-laust einn mesti tónsmíðajöfur vorra daga. Hann nam við Tónlistarskólann í Kraká hjá Artur Malawski og Stanislaw Wiechowicz og tók við kennarastöðu þar að námi loknu, árið 1958. Hann vakti fyrst verulega athygli í heimalandi sínu ári síðar, þegar hann átti öll þrjú verkin í verðlaunasætum í samkeppni á vegum Pólska tónskáldafélagsins. Í kjölfarið fylgdu tvö verk sem komu Penderecki á heimskortið og skipuðu honum í hóp framsæknuustu tónskálda sinnar kynslóðar: *Anaklasis* (1959–60) og *Harmljóð um fórnarlömb Hiroshima*.

Nýstárlegar hugmyndir Pendereckis vöktu mikla og verðskuldaða athygli. Á árunum um 1960 höfðu evrópsk tónskáld sökkst sér í niðurnjörvað skipulag raðtækninnar, tónsmíðatækni sem Arnold Schönberg hafði fundið upp fjórum áratugum fyrr. Á eftirstriðisárunum voru verk Schönbergs og lærisveina hans, ekki síst Antons Weberns, í hávegum höfð og fjöldi ungra tónskálda, m.a. Pierre Boulez og Karlheinz Stockhausen, boðaði yfirburði raðtækninnar í ræðu og riti. Penderecki var hins vegar frjálss og óháður í tónsköpun sinni, og tónlist hans var iðulega á skjön við hinn akademíska og oft gerilsneydda stíl serialismans.

Penderecki er eitt frægasta tónskáld samtímans og jafnvel áður en járntrjaldið féll veittu pólsk yfirvöld honum leyfi til að ferðast til Vesturlanda að vild. Hann hefur gegnt prófessorstöðum í Essen, Berlín og við Yale-háskólann í Bandaríkjunum. Hann hefur þó ávallt átt heimili í Póllandi og býr nú á herragarði í Łusławice, í grennd við Kraká, þar sem hann hefur komið á fót menntasetri og ræktað lystigarð sem vakið hefur heimsathygli fyrir mikinn fjölda sjaldgæfra trjá- og blómategunda. Penderecki sýnir engin þreytumerki þótt kominn sé hátt á áttræðisaldur. Nýjasta verk hans var frumflutt í Póllandi 14. janúar sl. og er lagaflökkur við kvæði pólskra skálda fyrir þrjá einsöngvara, kór og hljómsveit. Verkið, sem ber heitið *A Sea of Dreams has Fallen on Me... Songs of Reverie and Nostalgia*, er samið í minningu Chopins í tilefni þess að í fyrra voru 200 ár liðin frá fæðingu hans.

Harmljóð fyrir fórnarlömb Hiroshima er samið fyrir 52 strengjahljóðfæri: 24 fiðlur, 10 víólar, 10 selló og 8 kontrabassa. Verkið hlaut þriðju verðlaun í Fitelberg-tónsmíðasamkeppninni árið 1960; ári síðar hlaut það UNESCO-tónsmíðaverðlaunin og var frumflutt á Hausti í Varsjá við góðar undirtektir. Verkið bar upphaflega titilinn 8'37" –

Sinfóníuhljómsveitin hefur einu sinni flutt Harmljóð Pendereckis, undir stjórn Jerzys Maksymiuk árið 2002. Penderecki hefur sjálfur tvisvar stjórnað eigin tónverkum í Háskólabíói: Pólskri sálumessu með Filharmóníuhljómsveitinni í Poznań á Listahátíð 1988 og SÍ í píanókonsertri sínum og 4. sinfóníu Beethovens haustið 2006.

sem vísaði til flutningstímans og hefur væntanlega verið hylling til John Cage og píanótónsmíðar hans, 4'33". Penderecki kveðst hafa tekið heitið til endurskoðunar þegar hann heyrði tónsmíðina í fyrsta sinn: „Ég var gagntekinn af þeim kröftugu tilfinningum sem bjuggu í verkinu. Ég tók því að leita að vísunum sem næðu út fyrir hina óhlutbundnu tónlist og að lokum ákvað ég að tileinka verkið fórnarlömbum Hiroshima.“

Með nýju heiti gaf Penderecki verkinu aðra og áhrifamikla vidd. Ekki verður annað sagt en að myndin sem heiti verksins kallar fram sé einkar viðeigandi út frá tónlistinni sjálfri. Sem dæmi má nefna upphafið: þrumusterkan og átakanlega ómstríðan tónaklasa sem síðan verður ofurveikur. Tengingin við hörmungarnar í Hiroshima í ágúst 1945 er augljós: á innan við mínútu höfum við upplifað hvort tveggja, ærandi ýlfrið í aðvörunarflautunum og átakanlega þögnina þegar allt er afstaðið.

Líkt og í öðrum verkum sínum frá sama tíma kveður Penderecki fast að orði, tónlist hans er afgerandi og býður aldrei upp á málamiðlanir. Hver hinna fimmtíu og tveggja strengjaleikara leikur sína eigin rödd í verkinu og hljóðheimurinn er vægast sagt óvenjulegur: þykkir hljómaklasar geta þrengst eða víkkað út eftir þörfum, kvarttónar koma iðulega fyrir og gefa tónlistinni annarlegan blæ, auk þess sem Penderecki notar víðfeðm og dramatísk glissandó og margs konar slagverkseffekta í öllum hljóðfærahópum. Í einum hluta verksins skiptir Penderecki sveitinni í þrennt og býr til eins konar keðju þar sem hver hópur kemur inn með svipað efni, hver á fætur öðrum. Sjálf nótnaskriftin er óhefðbundin: í stað taktstrika fylgir tímaás fyrir neðan nóturnar þar sem gefinn er upp sekúndufjöldi fyrir hvern hluta verksins. Lokahljómurinn er nóteraður sem þykkt svart strik sem nær yfir heila síðu: í hálfa mínútu leikur hver einasti hljóðfæraleikari sinn eigin tón í hljómunum sem spannar heila 52 kvarttóna, fyrst þrumusterkt og með málmkenndum tóni (*sul ponticello*) en deyr síðan hægt út að lokum.



Tónskáld Sovétríkjanna áttu ekki sjö dagana sæla á meðan ofsóknir Stalíns gengu yfir lönd og lýð. Dmitríj Sjostakovitsj (1906–1975) var meðal þeirra sem fékk hvað harðasta útreið; hann var á 30. aldursári þegar *Pravda*, málagn Kommúnistaflokksins, birti hverja skammargreinina á fætur annarri um óperu hans, *Lafði Makbeð frá Mtsensk-héraði*, eftir að Stalín hafði látið svo lítið að sjá sig á sýningu og gengið út í miðju verki sótraður af bræði. Allt frá árinu 1936 var tónsmíðaferrill Sjostakovitsj átakanlegur línudans; hann var ýmist tekinn á teppið og verk hans sett á svartan lista, eða honum var hampað fyrir „iðrunarverk“ eins og fimmtu sínfóníuna, sem hann

kallaði sjálfur „Svar sovésks listamanns við réttmætri gagnrýni.“

Þegar kom að því að halda tónskáldum á flokkslínunni átti Stalín dyggan varðhund í manni að nafni Andrei Zhdanov, sem fór með málefni lista og menningar. Í janúar 1948 kallaði Zhdanov til fundar í Kreml þar sem helstu tónskáldum þjóðarinnar var lesinn pistillinn. Þau voru minnt á að „gríðarleg átök“ ættu sér stað innan sovéskrar tónsköpunar, þar sem berðust um athygli og yfirráð „heilbrigð og framsækin“ list sem byggði á þjóðlegum arfi og ætti aðdáun alþýðunnar ósvikna, og „formalismi“, still sem væri alþýðunni óskiljanlegur og höfðaði einungis til „fámennrar klíku fagurfræðinga“, eins og það var orðað. Sjostakovitsj ávarpaði samkunduna og reyndi að bera blak af sér og kollegum sínum, en það bætti ekki úr skák. Þann 10. febrúar 1948 birtist harðorð greinargerð floksins þar sem mörg helstu tónskáld þjóðarinnar voru sökuð um „formalistiskar afskræmingar og and-lýðræðisleg viðhorf“ í listsköpun sinni. Þeirra á meðal voru Sjostakovitsj, Prokofíev, Katsjaturían og Míaskovskij.

Ekki þurfti að spyrja að afleiðingunum. Sjostakovitsj var sagt upp störfum við báða tónlistarháskólana þar sem hann hafði sinnt kennslu um árabíl, í Moskvu og Leníngrad. Á opinberum bannlista stjórnvalda var að finna hvert verk hans á fætur öðru: sínfóníurnar nr. 6, 8 og 9, og auk þess eina verkið í konsertformi sem Sjostakovitsj hafði samið fram til þessa, píanókonsertinn op. 35 frá árinu 1933.

Þegar þessi ósköp dundu yfir var hann þegar farinn að semja fiðlukonsert, þann fyrri af tveimur, innblásinn af tónleikaröð sem fiðlusnillingurinn David Oistrakh hélt um þetta leyti og bar yfirskriftina „Þróun fiðlutónlistar“. En í slíku umhverfi ógnar og ótta átti kraftmikill og opinskár fiðlukonsert hvergi heima. Partítúrinn fór beint í skúffuna og lá

Þótt undarlegt megi virðast er þetta aðeins í þriðja sinn sem 1. fiðlukonsert Sjostakovitsj er fluttur á Íslandi. Pina Carmirelli lék verkið undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat árið 1977, og Una Sveinbjarnardóttir undir stjórn Bernharðar Wilkinsonar árið 1995.

Þar í sjö ár; sömu örlög biðu lagaflokksins *Úr Gyðingaljóðum* sem varð til um svipað leyti. Næstu árin einbeitti Sjostakovitsj sér að gerð kvikmyndatónlistar – hann samdi músík fyrir sjö myndir á fimm árum – og til að hreinsa orðspor sitt samdi hann þjóðlega áróðursmúsík eins og *Skógarsöng*, kantötu fyrir tenór, bassa, risakór og hljómsveit, við texta sem ráðamenn höfðu lagt blessun sína yfir.

Að sjö árum liðnum – og Jósef Stalín látnum – var hægt að huga að frumflutningi. Upphaflega bar konsertinn ópusnúmerið 77, en þegar Sjostakovitsj dró hann aftur upp úr skúffunni fékk hann nýja ópustölu; ekki er þó vitað til þess að tónskáldið hafi endurskoðað verkið að neinu umtalsverðu leyti. Tileinkunina hlaut Oistrakh, sem frumflutti verkið í Leníngrad 9. október 1955 með Jevgénij Mravinskíj við stjórnvölinn. Frumflutningurinn þótti takast með eindæmum vel og Oistrakh var himinlifandi. Hann skrifaði vini sínum skömmu fyrir flutninginn: „Það er fyrst nú sem ég geri mér ljóst að þetta er stórfenglegt verk; það á bæði hug minn og hjarta.“

Konsertinn er stórt og metnaðarfullt verk, í fjórum þáttum og tekur um 35 mínútur í flutningi. Hljóðfæravalið er líka óvenjulegt: Sjostakovitsj notar hvorki trompetta né básúnur, og þannig fær verkið dekkra og dempaðra yfirbragð en ella. Fyrsti þáttur er íhugult næturljóð; fiðlan leikur breiðar hendingar og yfirbragðið er fremur drungalegt þótt stöku sinnum bregði fyrir bjartari hljómunum. Scherzóið á margt sameiginlegt með samnefndum þætti í 10. sínfóníu Sjostakovitsj, sem tónskáldið á að hafa sagt að væri mynd af Stalín í tónum. Fiðlan býður upp í hraðan og groddalegan dans, tónlistin á það til að afskræmast og hápunkti nær kaflinn þegar við bætist sílófónn, sem í tónlist 19. aldar var oft látinn tákna dansandi beinagrind dauðans. Eins og í allmörgum verkum sínum frá þessu skeiði notar Sjostakovitsj músíkalska undirskrift sína – D-S [Es]-C-H – til að gefa tónlistinni persónulegan og ögrandi blæ; sama leikinn lék hann í sínfóníum nr. 10 og 15, og í strengjakvartett nr. 8, svo aðeins séu nefnd þekktustu dæmin.

Þriðji kaflinn er tilfinningalegur miðpunktur verksins, passacaglia, eða tilbrigði yfir síendurtekna bassalínu. Þessi tónlist var fest á blað þegar verstu ofsóknir Zdanovs gengu yfir árið 1948, og ekki var þetta í fyrsta sinn sem tónskáldið sótti í gömul form barokktímans til að ljá tónlist sinni dýpt og tilfinningalegt vægi. Það sama hafði hann gert í píanótríói sínu nr. 2, sem hann samdi í miðri seinni heimsstyrjöldinni og sem einnig hefur áhrifamikla og átakanlega passacagliu sem þriðja þátt af fjórum. Þátturinn leiðir inn í langa einleikskadensu, en að henni lokinni snýr lokakaflinn öllu upp í kaldhæðnislegt grín enn eina ferðina. Hér fer einleikarinn á kostum í tilþrifamiklu glæsispili, og endurkoma passacagliustefsins myndar hápunkt þessa magnþrungna verks.



Árið 1950 falaðist pólski hljómsveitarstjórinn Witold Rowicki eftir nýju hljómsveitarverki af nafna sínum Witold Lutosławski (1913–1994), fyrir hina nýstofnuðu Fílharmoníuhljómsveit Varsjár. Upphaflega hafði Lutosławski í hyggju að semja stutt og einfalt verk í þjóðlegum stíl, en efniviðurinn leiddi hann á aðrar slóðir og þegar upp var staðið, fjórum árum síðar, var kominn tæplega hálfrar klukkustundar langur Konsert fyrir hljómsveit, sem allar götur síðan hefur verið eitt dádasta verk höfundarins.

Konsertar fyrir hljómsveit, þar sem öllum hljóðfæra-
hópum er gert hátt undir höfði, urðu ekki til fyrr en á 20. öld. Nýklassískir straumar höfðu þar áhrif í fyrstu; Paul Hindemith samdi einn slíkan árið 1925, Stravinskij konsert fyrir kammersveit, *Dumbarton Oaks*, árið 1938, og Zoltán Kodály árið 1940. Eitt verk ber þó höfuð og herðar yfir önnur sem samin hafa verið með þessu heiti á 20. öld: mikilfengleg tónsmíð Béla Bartóks frá árinu 1943.

Augljóst er að Lutosławski samdi verk sitt innblásinn af fyrirmynd Bartóks. Báðir konsertarnir eru virtúósatónsmíðar þar sem öll hljóðfæri hljómsveitarinnar standa jafnfætis og fá að spreyta sig á hlutverki einleikarans um stund; segja má að verkin séu hylling til sívaxandi atvinnumennsku og aukinna gæða hljómsveita á 20. öld. En þótt margt í verki Lutosławskis minni á Bartók, bæði hvað varðar formnotkun, stefjaefni – t.d. sálmalagið í síðasta þættinum – og almenn þjóðлагаáhrif í verkunum báðum, þá er verk þess fyrrnefnda eigi að síður frumlegt og stendur fyllilega fyrir sínu.

Þegar Lutosławski var beðinn um að semja hið nýja hljómsveitarverk var ferill hans í molum. Hann var handsamaður af nasistum árið 1939 en tókst að flýja og bjó í felum í Varsjá þar til heimsstyrjöldinni lauk. Þá tók við annars konar stríð. Fyrsta sínfónía Lutosławskis (1948) var fyrsta tónverkið sem pólsk yfirvöld fordæmdu sem „formalista“; flutningur hennar var bannaður og höfundurinn rekinn úr Tónskáldafélagi Póllands. Á slíkum tímum var dýrmætt að eiga fyrirmynd í Sjostakovítsj, enda vitnar Lutosławski í D-S-C-H mottóid í tokkötupætti Konsertsins fyrir hljómsveit.

Konsert fyrir hljómsveit var fyrsta stóra verk Lutosławskis í hinum þjóðlega stíl sem einkenndi verk hans á árunum eftir fyrstu sínfóníuna. En árið 1960 urðu aftur straumhvörf; það ár var píanókonserti Johns Cage útvarpað í Póllandi og Lutosławski sagði síðar að

Konsert fyrir hljómsveit hefur hljómað fjórum sinnum í flutningi SÍ: fyrst árið 1967 undir stjórn Bohdans Wodiczko, og því næst tvisvar undir stjórn Páls P. Pálssonar árin 1978 og 1990. Petri Sakari stjórnaði síðasta flutningi verksins á Íslandi, árið 1998. Auk þess hefur SÍ m.a. flutt sínfóniur Lutosławskis nr. 1, 3 og 4, hljómsveitarverkið *Livres*, sellókonsert og fiðlukonsertinn *Chain II*.

Þessar fáu mínútur hefðu breytt lífi sínu, og að skyndilega hafi honum verið ljóst hvert halda skyldi í eigin tónsköpun. Í kjölfarið notaði hann það sem kalla mætti „hóflegan tilviljanastíl“, þar sem nóteruð tónlist og frjálsari „að libitum“-kaflar skiptast á.

Konsertinn fyrir hljómsveit er í þremur þáttum. Sá fyrsti notar sem uppistöðu pólskt þjóðlag sem vex hægt og rólega í strengjum yfir djúpum bassatóni. Um miðbikið nær tónlistin áhrifamiklu flugi, en deyr út að lokum; djúpu tónarnir sem áður hljómuðu í hörpum, páku og kontrabössum ná nú yfir allt tónsviðið, allt upp í klingjandi selestu. Ólíkir hlutar kaflans mynda samhverfu, A-B-C-B-C-B-A, sem einnig var eitt af eftirlætisformum Bartóks.

Annar þáttur hefst sem dularfull næturstemning – aftur kemur Bartók upp í hugann – og sem fyrr er formið samhverfa, nú eins konar scherzo-trio-scherzo. Í upphafi og enda hljómar örveik en feiknahröð „hvís“-tónlist – tónskáldið skrifar *mormorando* í nóturnar – en miðkaflinn er tilþrífamikilið stef fyrir trompeta, þar sem allri hljómsveitinni er gert að spila á hæsta styrk. Lokataktarnir eru allrar athygli verðir: hér stela slagverksleikararnir senunni þótt leikið sé í örveikri dýnámík. Trommur og tamborínur fá einnig sína frægðarmínútu rétt eins og öll önnur hljóðfæri sveitarinnar í verki Lutosławskis.

Þriðji þáttur verksins er sá lengsti, og skiptist í þrjá hluta. Fyrst kemur *passacaglia*, síendurtekið bassastef líkt og hjá Sjostakovitsj fyrir hlé: átján tilbrigði um átta takta stef sem hljómar í kontrabössum í upphafi en fíkrar sig smám saman upp tónsviðið. Því næst tekur við hröð og glæsileg tokkata og loks sálmalag þar sem trompetar og básúnur eru í forgrunni, áður en Lutosławski setur allt í gang og klárar tilþrífamikinn lokasprettinn með viðeigandi bravúr.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

SVO MÆLTI ZARAPÚSTRA



Hið stórfenglega upphaf að Zarapústra, mögnuðu tónaljóði Richards Strauss, naut hylli tónlistarunnenda löngu áður en Stanley Kubrick notaði það í 2001: A Space Odyssey. Það þarf enginn að velkjust í vafa um að glæsilegri notkun á hljómsveitinni er vandfundin; og sama má raunar segja um hinn ægifagra ástardauða Ísoldar úr óperu Wagners sem hljómar í upphafi tónleikanna og þykir eitt áhrifamesta atriðið í gervallri óperusögunni.

Auk þessara hárómantísku verka flytur Sinfónían sellókoncert eftir Hafliða Hallgrímsson, sem er eitt af hans glæsilegustu verkum. Verkið var samið 2003 og pantað í sameiningu af SÍ, Óslóarfilharmóníunni og Skosku kammersveitinni. Umsagnir gagnrýnenda voru allar á einn veg: The Times kallaði konsertinn „stórkostlega nýja viðbót á verkaskrá sellósins“ og gagnrýnandi Daily Telegraph líkti litanotkun Hafliða við meistara myndlistarinnar, Rembrandt og Caravaggio.

Þýsk-japanski sellóleikarinn Danjulo Ishizaka vakti stormandi lukku þegar hann lék með SÍ vorið 2008 og í millitíðinni hefur hann slegið í gegn, bæði í Carnegie Hall og á Verbierhátíðinni í Sviss. Hann hefur flutt konsert Hafliða víða um heim á undanförunum árum og kemur nú til Íslands og leikur verkið á Stradivarius-sellóið sitt, „Lord Aylesford“, sem svo sannarlega er komið til ára sinna, smíðað árið 1696.

DRUMMING



Bandaríska tónskáldið Steve Reich er einn af forsprökkum mínímalismans og eitt áhrifamesta tónskáld síðustu áratuga. Breska dagblaðið The Guardian sagði Reich nýverið „einn fárra núlifandi höfunda sem sagt verður um að þeir hafi breytt gangi tónlistarsögunnar“. Meðal þeirra sem hafa samið tónlist undir áhrifum hans má nefna Brian Eno og Sufjan Stevens. Reich hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir verk sín, hlaut meðal annars hin virtu Polarverðlaun árið 2007 ásamt Sonny Rollins, og Pulitzer-verðlaunin 2009.

Drumming er almennt talið eitt helsta meistaraverk Reichs og verður flutt í fyrsta sinn á Íslandi 25. mars nk. af hinum margverðlaunaða sænska slagverkshópi Kroumata ásamt félögum úr Sinfóníuhljómsveit

Íslands. Verkið er samið á árinum 1970-71, eftir ferðalag höfundarins til Afríku þar sem hann varð fyrir áhrifum af trommumeisturum í Ghana. Þetta er kraftmikið verk þar sem allt litróf slagverksins fær að njóta sín: dynjandi bongótrommur, söngur og flauta í bland við ljúfa klukkutóna.

Enginn áhugamaður um nýja og ferska tónsköpun má láta þessa tónleika fram hjá sér fara.

Miðaverð kr. 1.500. Ónúmeruð sæti.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 3. FEBRÚAR 2011

1. fiðla

Sif Tulinius
Andrzej Kleina
Martin Frewer
Lin Wei
Rósa Guðmundsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Zbigniew Dubik
Mark Reedman
Hlíf Sigurjónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Roland Hartwell
Ágústa María Jónsdóttir
Christian Diethard
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson
Þórdís Stross
Dóra Björgvinsdóttir
Helga Steinunn Torfadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Kathryn Harrison
Guðrún Hrund Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lovisa Fjeldsted
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Inga Rós Ingólfsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Borgar Magnason

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarinett

Einar Jóhannesson
Ármann Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Jóhann I. Stefánsson

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Jessica Buzbee
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Tim Buzbee

Harpa

Katie Buckley
Elisabet Waage

Píanó & Celesta

Anna Guðný Guðmundsdóttir
Valgerður Andrésdóttir

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson
Kjartan Guðnason

samstarfsaðilar

Þér við sælusæti bjóðum
með sinfónískum töfrahljóðum.
Slíka gjöf má gjarnan þiggja
á gleðina mun ekkert skyggja.
– Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is



Borgun er stoltur bakhjarl Sinfónúhljómsveitar Íslands

BORGUN

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is